

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Akranesi.

## 1. gr.

Af hundum á Akranesi skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, sbr. 11. gr. hennar.

## 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Skráning   | kr. 14.165 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Akraneskaupstað nr. 782/2010 | kr. 17.667 |

## 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| a) Fyrir hvern hund  | kr. 17.667 |
| b) Fyrir hvern hund þegar eigandi hefur lokið námskeiði, sbr. 7. gr. þessarar gjaldskrár | kr. 12.367 |

## 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. a og 3. gr. svo og árleg ormahreinsun.

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Fyrsta afhending hunds                                 | kr. 17.667 |
| b) Önnur afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða  | kr. 23.556 |
| c) Þriðja afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða | kr. 29.444 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

## 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi er 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

## 7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppledji, viðurkenndu af skipulags- og umhverfis-sviði Akraneskaupstaðar lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

## 8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 782/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi nr. 99/2012.

Nr. 1304

29. desember 2014

Gjaldskráin sýnir hækkun um 3,4% í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir bæjarfélagsins fyrir árið 2015, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Akraness frá 11. desember 2014.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 29. desember 2014.*

**Regína Ásvaldsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2015